

Úrskurður ungmennadóms Reykjavíkur 28. október 1942.

Ár 1942, miðvikudaginn 28. október, var í ungmennadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómarar af Valdimar Stefánssyni, fulltrúa sakadómarar, Ármanni Halldórssyni skólastjóra og Ólafi Sveinbjörnssyni lögfræðingi, upp kveðinn úrskurður í máli unglingsstúlkunnar A, sem tekið var undir úrskurð sama dag.

Unglingsstúlkan A er fædd 2. september 1925. Með játningu hennar, sem kemur heim við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að hún hefur um alllangt skeið undanfarið lifað lausungar- og óreiðulífi. Hún hefur ekki skeytt áminningum foreldra sinna um að taka upp reglusamara líf, og afskipti lögreglunnar af máli hennar, sem hafa staðið yfir síðan í s. l. júnimánuði, hafa ekki orðið til þess, að stúlkan bætti ráð sitt. Þykir því nauðsyn til bera að fjarlægja stúlkuna því umhverfi, sem hún hefur verið í, en þar sem vistun á sveitarheimili virðist af reynslu foreldranna af ráðstöfunum þeirra á stúlkunni á sveitarheimili, ekki muni ná tilgangi sínum, þykir rétt samkvæmt 3. gr. laga nr. 62 4. júní 1942 að úrskurða stúlkuna til hælisvistar.

Þvi úrskurðast:

A skal sæta hælisvist.

Föstudaginn 20. nóvember 1942.

Nr. 54/1942. **Réttvísinn** (Magnús Thorlacius)

gegn

Kristjáni Júlíussyni (Jón Ásbjörnsson)

Sýknað af ákæru um þjófnað.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Júlíus Havsteen, sýslumaður í Þingeyjarsýslu.

Ákærði hefur ekki gengizt við því fyrir dómi, að hann hafi tekið spýtu þá, er í málinu getur og líklegt er, að hafi verið nálægð 2 króna virði. Ekki hefur heldur spýta þessi fundizt í vörzlum ákærða, svo að öruggt sé. Hreppsnefndarmenn hafa að vísu skilið ummæli hans á hreppsnefndarfundi svo sem í þeim fælist játning um töku hans á spýt-

unni, en með því að ekki er í ljós leitt, hvernig orð féllu, þá þykir ekki öruggt, að þessi skilningur hreppsnefndarmannanna hafi verið réttur, og verður því þegar af þeirri ástæðu að telja ósannað, að ákærði hafi slegið eign sinni á spýtuna. Ber því að sýkna hann af ákæru réttvisinnar í máli þessu og leggja allan kostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs talsmanns ákærða í héraði, kr. 50.00, og laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 300 krónur til hvors.

Við rannsókn og meðferð máls þessa í héraði er þetta athugavert:

Með rannsókn málsins, sem að öllu leyti skyldi fara að hætti opinberra mála, hefur dómariinn farið að nokkru leyti svo sem það væri einkamál. Dómariinn hefur prófað mörg vitni í einu lagi. Engin krafa er gerð á hendur ákærða um greiðslu sakarkostnaðar, og dómaranum hefur láðst að ákveða vararefsingu, ef sektin yrði ekki greidd. Dómariinn hefur ekki aflað vitneskju um verðmæti umræddrar spýtu. Engin iðgjaldakrafa hefur verið gerð í málinu, og sést ekki, að dómariinn hafi leiðbeint kæranda um það, en þrátt fyrir það hefur dómariinn gert ákærða að greiða iðgjöld án ákvörðunar nokkurrar fjárhæðar, og virðist hann telja iðgjöldin til sakarkostnaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kristján Júlíusson, á að vera sýkn af ákæru réttvisinnar í máli þessu.

Sakarkostnaður allur, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns ákærða í héraði, Áka Jakobssonar lögfræðins, kr. 50.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Magnúsar Thorlacius og Jóns Ásbjörnssonar, 300 kr. til hvors.

Dómur aukaréttar Þingeyjarsýslu 19. febr. 1942.

Mál það, sem hér liggur fyrir, er, að undangenginni kæru frá söðlasmið Árna Stefánssyni í Húsavík og réttarprófun í lögreglurétti

Þingeyjarsýslu, höfðað samkvæmt fyrir mælum dómsmálaráðuneytisins gegn skipasmið Kristjáni Júlíussyni í Húsavík fyrir brot gegn 23. kap. hegningarlaganna frá 1869 og lögum nr. 51 7. maí 1928.

Ákærði, sem fæddur er í Húsavíkarkauptúni 25. des. 1906 og því kominn yfir lögaldur sakamanna, hefur ekki áður sætt sekt eða refsíðomi.

Málið er þingfest 17. janúar 1941, og hefur ákærði fallið frá stefnubirtingu í málinu.

Hin nánari atvik málsins eru þessi:

Í kæruskjali því, dags. 10. janúar 1940, sem gefur tilefni til þess, að mál þetta er höfðað, er því haldið fram af kæranda, Árna Stefánssyni, að vorið 1939 eða fyrri part sumarsins, er hann lét byggja íbúðarhús það í Húsavík, sem kallað er „Möskvi“, hafi verið tekinn frá sér trjáviður, og telur hann ákærða í máli þessu valdan að þeim verknaði, sérstaklega hafi hann tekið frá sér spýtu eða staur, sem hann ætlaði í handriðsstuðul við nefnt hús, farið með hann á trésmiðaverkstæði Aðalsteins timburmeistara Jóhannessonar í Húsavík og beðið hann að fletta spýttunni í girðingarstaura, sem Aðalsteinn hafi gert. Þarna á verkstæðinu hafi svo kærandi sjálfur og múrari Þorgeir Sigurðsson í Húsavík, sem sá um byggingu hússins „Möskva“ og var því byggingarefni kæranda nákunnugur, séð og þekkt spýtuna, sem var auðþekkileg, og Þorgeir þegar haft orð á því á verkstæðinu, að þetta var spýta tilheyrandi kæranda.

Einnig hafi hann þekkt í túngirðingu ákærða staur, sem hann saknaði, og hafi Þorgeir og kannast við staurinn, sem var með sérstökum einkennum eða höggförum, en staur þenna var búið að fjarlægja úr girðingunni ásamt annari spýtu, er kærandi og þóttist þekkja þar sem sína nóttina eftir hreppsnefndarfund, sem upplýst er í málinu, að haldinn var 9. júní 1939 út af ágreiningi um lóð o. fl. milli kæranda og ákærða, en á þeim fundi bar kærandi á ákærða spýtutökuna, sem þá að sögn kæranda viðurkenndi að hafa tekið staurinn, sem Aðalsteinn var beðinn að fletta í girðingarstólpa.

Ákærður hefur neitað því að hafa tekið nokkurn trjávið eða spýtu frá kæranda, heldur hafi hann fengið staur þann, sem hann lét Aðalstein fletta hjá trésmið Jóhannesi Guðnasyni í Húsavík.

Einnig neitar ákærði því, að hann hafi fjarlæggt eða að fjarlægðir hafi verið staurar úr túngirðingu hans hina tilteknu nótt, sem kærandi heldur fram, að skipt hafi verið um staurana, og á hreppsnefndarfundinum 9. júní 1939 hafi hann aðeins sagt í spaugi eða spurningarformi: „Ég hefi þá altso tekið einn staur frá Árna“, en þar sem mál þetta sé hatursmál gegn sér, sem kæranda sé beitt fyrir, hefur ákærði boðizt til þess að greiða til dómarans andvirði krossfletta staurisins gegn því, að málið félli niður.

Við rannsókn þá og vitnaleiðslu, sem fram hefur farið í málinu,

verður það ekki gegn eindreginni neitun ákærða talið nægilega upplýst, að hann hafi tekið frá kæranda staura þá í túngirðingunni, sem hann þóttist þekkja þar sem sína, né heldur sannað, að skipt hafi verið um staura.

Aftur á móti hafa fimm hreppsnefndarmenn í Húsvíkurhreppi, sem voru á fundi þeim 9. júní 1939, er þeir ræddust við kærandi og ákærði, borið það samhljóða fyrir rétti og talið sig reiðubúna að staðfesta með eiði, að ákærði í máli þessu hafi á fundinum játað að hafa tekið frá kæranda spýtu þá, sem hann bað Aðalstein að fletta í girðingarstaura, og að hann hafi vitað, að kærandi átti spýtuna.

Þá hefur og vitnið Þorgeir Sigurðsson, sem var verkstjóri eða akkorshafi við smiðina á húsinu „Möskví“ 1939, borið fyrir rétti 19. janúar 1940 og staðfest með drengskaparheiti, „að í aðalatriðum sé rétt eftir sér haft í kærinni, að það hafi rekizt á spýtu á verkstæði Aðalsteins Jóhannessonar, sem vitnið þekkti sem spýtu tilheyrandi kæranda, Árna Stefánssyni“, og að einnig sé rétt hermt í kærinni, að kærandi hafi í sinni viðurvist kallað á ákærða og borið á hann spýtutökuna og ákærði játað að hafa tekið hana.

Sömuleiðis segist vitnið hafa haft orð á því, að sér fyndist það alveg þekkja spýtuna í túngirðingu ákærða, en þyrði ekki að sverja, að þetta væri spýtan, sem kærandi átti við. Þá telur vitnið rétt hermt um skipti, sem höfð voru á staurum í túngirðingu ákærða.

Að visu hefur síðar undir rekstri þessa máls komið fram yfirlýsing eða vottorð frá nefndu vitni, sem virðist í þeim einum tilgangi gefið að draga úr áður gefnum staðfestum vitnaframburði, sem vitnið þar að auki hefur í rétti 31. janúar 1940 ítrekað, að það haldi fast við, og í því réttarhaldi lýst hinum umrædda staur sem ferköntuðum að gildleika 4×4 og nálægt 5 til 7 fetum á lengd. Er yfirlýsing þessi mjög svo athugunarverð og tortryggileg, ekki einungis sökum þess, að hún er mótsögn við áður gefinn staðfestan vitnaframburð fyrir rétti, heldur einnig af því, að hún er gefin rúmu ári eftir vitnaframburð vottorðsgefanda og eftir að rannsókn málsins er lokið, enda hefur vottorðsgefandi ekki orðið við tilmælum ákærða um að staðfesta skjalið í rétti og ákærði beinlínis fallið frá kröfu um það.

Verður því ekki hægt að taka tillit til vottorðs þessa, þar sem það er andstætt áður gefnum lögfullum framburði vottorðsgefanda, staðfestum í rétti með drengskaparheiti eftir löglegan undirbúning.

Með framburði vitnisins Jóhannesar Guðnasonar verður að telja upplýst, að ákærði hafi keypt af honum staur, ca. 6 feta langan og ca. 4×4 feta gildan, vorið 1939, en þar sem vitni þetta vissi hvorki, hvert ákærði fór með staurinn, né hvar eða hvernig hann lét úr honum vinna, var ástæðulaust að samprófa þetta vitni við vitnið Þorgeir Sigurðsson. Með framburði vitnisins Péturs Sigurgeirssonar virðist

mega telja rétt, að ákærði hafi látið aka umræddum staur frá Jóhannesi Guðnasyni á verkstæði Aðalsteins Jóhannessonar til þess að fletta honum þar, en ekkert er upplýst um það, að þetta hafi verið staurinn, sem Þorgeir Sigurðsson sá og þekkti þar á verkstæðinu sem spýtu kæranda. Af vitnaframburðum Þorgeirs og Aðalsteins Jóhannessonar verður að ráða hið gagnstæða, því framburður Aðalsteins, samanborinn við framburð Þorgeirs, virðist staðfesta það ótvírætt, að Þorgeir hafi strax þekkt spýtu þá, sem hann vorið 1939 sá á verkstæði Aðalsteins, og þá um leið sagt, að kærandi, Árni Stefánsson, ætti hana og að einmitt þetta var spýta, sem ákærði hafi komið með og beðið Aðalstein að vinna úr girðingarstaura.

Samkvæmt framanskráðu verður að lita svo á, að ákærði hafi gert sig sekan um að taka frá kæranda staur þann, sem hann ætlaði að hafa í handriðsstöpul við húsið „Möskva“ og nota hann í eigin þarfir, en verknaður þessi féll, þegar hann var framinn, undir 23. kap. hinna almennu hegningarlaga frá 1869, sbr. lög nr. 51 7. maí 1928. Þar sem nú ný hegningarlög hafa öðlazzt gildi 12. febr. 1940, ber samkv. 2. gr. téðra laga að dæma í máli þessu eftir þeim, og fellur þá verknaður ákærða undir XXVI. kafla hinna nýju hegningarlaga, sérstaklega 244. gr., en þar sem hér er einungis um smáræði að tefla og sökunautur hefur ekki áður verið dæmdur fyrir auðgunarbrot, þykir hlýða samkv. 256. gr. sömu laga að færa refsingu sökunaúts niður í sekt, sem þykir hæfilega ákveðin 100.00 — eitt hundrað krónur — og með sérstöku tilliti til þessara nefndu ástæðna og þó einkum þeirra, að sökunautur hefur ekki áður sætt sekt eða refsíðomi, þykir og rétt að láta hann einnig í máli þessu verða aðnjótandi VI. kafla, sérstakl. 56. gr. gildandi hegningarlaga um skilorðsbundna refsíðoma, þannig, að fresta beri framkvæmd hegningarinnar, og fellur hún niður að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, sé fullnægt skilyrðum laganna.

Svo greiði ákærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með andvirði hins tekna stauris til kæranda, Árna Stefánssonar söðlasmiðs, og 50.00 kr. til skipaðs verjanda, bæjarstjóra Áka Jakobssonar, Siglufirði.

Meðferð máls þessa í héraði hefur dregið lengur en venja er til, aðallega sökum þess, að kærandi og ákærðu virtust lengi vel ætla að koma sér saman um það, að mál þetta skyldi niður falla, en það var á valdi kæranda, hvort haldið skyldi áfram málshöfðun.

Af sömu ástæðum svo og sökum sérstakra anna hins skipaða verjanda, bæjarstjórans á Siglufirði, dróst miklu lengur en til var ætlazzt að leggja málið í dóm.

Loks stafar dráttur lítilsháttar á uppkvaðningu dómsins sumpart af fjarveru dómara, sumpart af miklum embættisönnum.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kristján Júlíusson, sæti 100.00 kr. sekt í rikissjóð, en jafnframt þykir rétt að láta hann verða aðnjótandi VI. kafla sérstakl. 56. gr. hinna alm. hegningarlaga frá 12. febr. 1940 um skilorðsbundna refsidóma, þannig að fresta ber framkvæmd hegningarinnar, og fellur hún niður að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, sé fullnægt skilyrðum laganna.

Svo greiði ákærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með andvirði hins tekna staurs til kæranda, Árna Stefánssonar, og 50.00 kr. til skipaðs verjanda, bæjarstjóra Áka Jakobssonar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 23. nóvember 1942.

Nr. 32/1942. **Pétur Bóasson f. h. eigenda Hafnar**

(Kristján Guðlaugsson)

gegn

Db. Indíönu Tynes (Garðar Þorsteinsson).

Krafa um hækkun lóðarleigu.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Hannes Guðmundsson, fulltrúi bæjarfógetans á Siglufirði.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. marz þ. á., krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum leigugjald 1941 fyrir lóð þá, er í málinu getur, kr. 800.00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Árleg leiga fyrir grunn þann, er mál þetta varðar, fellur samkvæmt samningum frá 1913 og 1915 í gjalddaga fyrir